




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Tjörn

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit



.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
3 Innra mat Miðhús	9
4 Umbótaráætlun Miðhúss deildar	13
5 Umbótaráætlun Tjörn deildar	17
6 Umbótaráætlun Lækur	21
7 Umbótaráætlun Melhús deildar	26
8 Innra mat sérkennslu	28
5 Innra mat – fjöltyngd börn	30
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla –	33
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva –	33
8 Foreldrasamvinna -	33
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal _	33
10 Fylgigögn sjá skóladagatal	33
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	33





Leiðarljós Tjarnar

Í Tjörn er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í kærleiksríku umhverfi. Börnin er hvött til þess að setja orð á tilfinningar. Þau setja sér sjálf markmið og meta sitt eigið nám/færni. Þau eru hvött til sjálfshjálpar eins og að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig, það er mikilvægt að fái hlutverk í daglegu starfi. Börnunum er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra. Viðfangsefnin eru krefjandi en taka mið af færni hvers barns. Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika þeirra. Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskorannir.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Einstakar kringumstæður hafa litað allt okkar starf undanfarinn vetur og þrátt fyrir faraldur sem skók heimsbyggðina og tók taktinn úr lífi okkar allra náðum við að halda skólanum opnum alla þá daga sem okkur bar að hafa opið. Þetta náðist með frábæru samstarfi bæði starfsmanna og foreldra.

Með því að vera þátttakendur í þróunarverkefni sem tengist Menntastefnu Reykjavíkur – Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag fannst okkur tímabært að endurmeta námsskrá skólans. Við náðum því markmiði að gefa út endurmetna námsskrá á liðnum vetri. Verkefnið er rauður þráður í öllu okkar starfi og ný menntastefna Reykjavíkur rímar mjög vel við þá stefnu sem við höfum verið að þróa í langan tíma hér í Tjörn og kallast hún Reggio Emilia.

Við hefðum gjarnan viljað funda meira bæði sem faghópur, starfsmannahópurinn allur og eins með foreldrum, öðruvísi verðum við ekki lærdómssamfélag. Þrátt fyrir sóttvarnareglur og samkomutakmarkanir reyndum við að ræða saman í gegnum samskiptamiðla og efla enn frekar upplýsingaflæðið. Stjórn foreldrafélagsins hvatti undirritaða til þess að halda fyrirlestur um okkar helstu áherslur í uppeldi þar sem ekki var hægt að halda foreldrafund. Í þessum stutta fyrirlestri (myndband) var farið í gegnum uppeldisáherslur sem okkur finnst mikilvægt að ítreka á hverju ári. Við viljum hlusta á barnið, sýna umhyggju, hvetja þau með því að leyfa þeim að prófa sig áfram og kenna þeim að setja mörk – Kunna muninn á réttu og röngu svo þau geti staðið með sjálfum sér í flóknum heimi. Það að geta sagt nei þegar maður vill segja nei og eins að segja já þegar við á, er grundvöllur fyrir sterkri sjálfsmynd, sem er okkar helsta markmið.

Ég vil þakka öllum foreldrum og sérstaklega hópnum sem byrjaði hjá okkur síðastliðið haust fyrir mikið traust í okkar garð. Við fengum gríðarlega góða útkomu úr foreldrakönnun sem var lögð fyrir foreldra af Skóla og frístundasviði í vetur. Það að fá 4.9 af 5 með heildaránægju í skólanum er ekki sjálfgefið í þessum kringumstæðum. Einnig var framkvæmd starfsmannakönnun af Skóla og frístundasviði og var útkoman þar mjög góð.

Það kemur alltaf fram í öllum starfsmannakönnunum hjá leikskólum Reykjavíkur að álagið sé mikið. Sviðið og Reykjavíkurborg hafa verið að vinna með vinnuumhverfi leikskólakennara og hefur ýmislegt verið lagt fram til bóta eins og t.d. varðandi opnunartíma leikskóla, þ.e. að loka kl. 16.30. í stað kl.



17.00. Stjórn foreldrafélags Tjarnar fór yfir skýrsluna og tók þá afstöðu að styðja við lokun kl. 16.30 ekki síst í því ljósi að kennarar og starfsmenn vinna 36 stunda vinnuviku eftir síðastliðna kjarasamninga, en á sama tíma geta leikskólabörn dvalið allt að 45 klukkustundir á viku í leikskóla. Stjórnin vildi halda sjónarmiðum barna á lofti og er það vel.

Ég vil þakka frábærum starfsmannahóp sem hefur verið lausnarmiðaður á flóknum tímum kórónuveiru. Sameinuð erum við sterk, við erum spennt fyrir nýjum vetri og höfum skipulagt endurmenntun fyrir sterkan starfsmannahóp. Ýmiskonar námskeið sem voru fyrirhuguð fóru forgörðum eins og t.d. fyrirhuguð námsferð til útlanda síðastliðinn vetur og kom það glöggt fram í starfsmannakönnun sem áður var nefnd. Við hlökkum til þess að taka á móti nýjum vetri með nýjum og gömlum nemendum, eins verður frábært að fá foreldra alla leið inni hús og vekja upp gamlar hefðir eins og morgunkaffi fyrir foreldra og fleira.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Vinna með sjálfsmynd, lýðræði, ferilmöppur og uppeldislegar skráningar	Á fundum með starfsfólki – og barnafundum. Notuðum myndbönd og táknmyndir (t.d.broskall – skeifu fyrir yngstu börnin)	Allir starfsmenn, börn	Allir eru meðvitaðir um að vera hvetjandi og allir í sameiginlegu lærdómssamfélagi þekkja okkar helstu áherslur og uppeldisjónarmið. Við viljum virkja börnin enn frekar til þess að meta sitt eigið nám og að festa það betur í sessi með starfsfólki.

Á fagfundum og starfsdögum höfum við rýnt í áherslupætti menntastefnunnar (læsi, hreyfingu, sköpun, sjálfsefningu og félagsfærni). Markmiðið var að finna veikleika Tjarnar og vinna með þá þætti sem uppá vantar. Kom á daginn að skráningar og lýðræði er það sem við viljum bæta og dýpka og má sjá áherslur á komandi vetri í innra mati deilda leikskólans. Við erum nú þegar farin að vinna með ferilmöppur sem skráningarform og höfum sett inn svokölluð lýðræðisþing þar sem börnin fá ræða sínar hugmyndir.



Stjórnun						
Fagfundir		Leikskóla- stjóri Stefna á fleiri fundi í lok dags	haust	maí	Rýnihópa kennara	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Markvissir fundir
Uppeldis- og menntastarf						
Áherslur menntastefnunnar	Mat á námi barna Efla sjálfsmynd barna – Vinna með lýðræði.		Deildar- stjórar		Fundir	Öll börn meti sitt nám og matið sett inn í ferilmöppu r sem tilheyra hverju barni. Að börnin geti staðið með sjálfum sér.
Mannauður/ Leikskólabragur						
	Að fegra umhverfið sérstaklega		Skólastjór i og			Að allir séu með hlutverk.



	vinna með kaffistofu í Öldukoti		stjórnend ateymi			
Innra mat						



3 Innra mat Miðhús

Hvert haust kveðja elstu börnin leikskólann sinn og við tekur skólaganga þeirra í grunnskólann. Í kjölfar þess byrja önnur börn leikskólagöngu sína. Vegna Covid 19 var síðast liðið haust 2020 óvenjulegt að því leyti að aðlögun barnanna fór fram utandyr. Af því leiddi að nýir foreldrar komu lítið sem ekkert inn á deild barns síns sem er miður. Lögð var áhersla á að upplýsa foreldra sem best eins og ávallt en aðlögun var öðruvísi fyrir alla við þessar óvenjulegu aðstæður.



Venjubundnar hefðir og siðir sem tilheyra skólanum voru einnig með öðru sniði þennan




skólavetur. Þátttaka foreldra með börnum sínum innan skólans var ekki hægt að framkvæma eins og venjulega en við kennarar og starfsfólk gerðum það besta úr því, sem hægt var. Með hjálp tækninnar fengu foreldrar smá innsýn inn í heim barnanna sem tengdust úr ýmsum þáttum innan leikskólans. Foreldrar fengu send myndbrot í gegnum forritið Sway .

Í byrjum mars mánaðar 2021 opnaðist glufa til að bjóða upp á viðtöl með foreldrum sem nýttust vel. Það var afar ánægjulegt að geta upplýst foreldri um barnið og starfið í skólanum og ná góðri tengingu.

Þótt að foreldrar hafi fengið allt Covid 19 tímabilið að koma í fataklefan í skólanum þá gáfust ekki aðstæður til mikilla samskipta milli foreldra og starfsmanna. Það var miður en ítrekað minntum við á að yfirleitt væri hægt að hringja og fá upplýsingar um barnið og starfið.

Málhljóðsverkefnið Lubbi gekk vel og foreldrar gátu fylgst með hvaða hljóðstaf var lögð áhersla á hverju sinni. Bæði í formi fréttabréfa sem send voru til foreldra frá deildinni á hálfmánaðar millibili. Einnig voru í fataklefa barnsins myndir af hljóðstafnum, lag og texti þess.

Síðastliðið haust byrjuðum við hér í leikskólanum markvisst að gera ferilmöppu fyrir hvert barn. Hún



mun fylgja þeim alla skólagönguna á leikskólanum. Í byrjun vorum við mikið að velta því fyrir okkur hvað ætti að vera í ferilmöppu barnanna en vorum viss um að möppurnar væru mjög góð leið til að sjá þróun og þroska barnsins á hinum ýmsu sviðum. Fyrsta skrefið var að biðla til foreldra um að setja saman fjölskyldu myndir á blað sem þau gerðu. Allir tóku vel í beiðni okkar, og þá var um leið komin fyrsta skráning barnsins.

Fljótlega styrktumst við kennarar í hinum ýmsu skráningarformum. Ákvörðun var tekin um að safna saman fyrstu teikningunni í skólanum sem gerð var að hausti. Auk þess létum við handafar barnanna fylgja, sjálfsmynd, gullkorn frá börnunum, afmælismynd og val á sönglögum frá afmælisdeginum þeirra.



Fjölbreytileikinn er til staðar í ferilmöppu barnanna þó að gengið sé út frá að þau eigi þessar sameiginlegu skráningar.



Við ýmsar athafnir barnanna er gripið til skráningar í daglegu starfi og myndir teknar af

þeim í upphafi ferils og áfram og því fylgt eftir. Einnig er lagt við hlustir um hvað þau eru að tjá sig um og það skráð niður.

Á deildarfundum og öðrum vettvangi bera starfsmenn saman bækur sínar. Þannig eflast allir og læra um leið hver af öðrum. Styrkleikar starfsmannahópsins einkennast af festu og auðurinn liggur í áhugasömum kennurum og öðru starfsfólki

Leiðarljós okkar í Miðhúsi er að hvetja börnin til sjálfseflingar og frumkvæðis í öllu daglegu starfi. Það helst í hendur við þátttöku skólans í þróunarverkefni í samstarfi við Rann Ung.

Börnin hafa möguleika á að velja sér sjálf verkefni sem lúta að áhugasviði þeirra bæði á myndrænan hátt og eins gott aðgengi að hinum ýmsum efniviðum. Áhugavert er að fylgjast með hvað barnahópurinn hefur eflst frá því í haust, þau eru öruggari í að koma fram t.d. í söngstund en það hefur verið einn af mörgum þáttum sem lúta að sjálfseflingu barnanna. Börnin velja sitt lag og einnig eru elstu börnin að æfa sig í að segja hvað er í matinn þann daginn og bjóða til borðs í hádegi.

Í Miðhúsi er hlustað á raddir barnanna. Kosningar hafa verið að þróast í leikskólanum á síðasta misseri. Börnin koma með sýnar tillögur um hvað kosið verður um hverju sinni. Kosið hefur verið um hádegismat, kaffibrauð og hina ýmsu öðruvísi daga. Kosningin fer fram á myndrænan hátt en það auðveldar þeim yngri til að skilja og velja. Oft ríkir mikil eftirvænting þegar talning fer fram að



kosningum loknum. Með þessu styrkjast börnin í lýðræðislegri hugsun, þau fá vissu um að á þau er hlustað og að rödd þeirra skiptir máli.



Börnin eru undirbúin að ekki geti allir fengið sýna ósk uppfyllta og þannig læra þau hvernig lýðræði virkar með auknum þroska.

Markmið kennara í Miðhúsi með tilliti til umbótaáætlun haustið 2020-2021 var að útbúa myndræna skráningu þar sem börnin gætu tjáð sig um líðan sína í daglegum athöfnun. Eins og um vali, hópastarfi, tónlistarstund, stöðvavinnu og útiveru.

Kennarar sammæltust um að útbúa myndir fyrir börnin sem sýna áttu svipbrigði sem samsvöruðu líðan barnanna í allavega aðstæðum. Við ákváðum að byrja á eldri börnum fæddum 2017 en börn fædd 2018 myndu vera þátttakendur með vorinu 2021. Valmöguleiki milli aðeins tveggja svipbrigða einskorðast af aldri og þroska barnanna.

Einhverra hluta vegna gekk okkur ekki vel að finna myndir sem við vorum sáttar við. Þá kom upp hugmynd frá starfsmanni á deildarfundi um að verða okkur úti um stimpla með þessum tveimur svipbrigðum og stimpla á tilheyrandi skráningarblað sem var útbúið.


Skráningarblaðið mun fylgja í ferilmöppu barnsins

Deild: *Reiðun*

Hvernig leið þér í...	😊	☹️	Dags:
...hópastarfi	😊		13. jan '21
...tölustund	😊		13. jan '21
...stöðuvinnu	😊		13. jan '21

Skráningin með elstu börnum deildarinnar í byrjun vetrar gekk vel og voru þau fljót að átta sig á hvað myndirnar á stimplunum merktu. Nú í vor hafa yngri börnin smátt og smátt fengið tækifæri til að tjá líðan sína myndrænt eins og að var stefnt. Hjá börnunum virtust litirnir á stimplunum skipta meira máli en

svipbrigðin á þeim. Þarna sjáum við tækifæri í að rýna betur í og reyna að finna myndir eins og við stefndum að í upphafi. Það er Vilji okkar kennara að halda áfram með svona skráningu þar sem börnin eru þátttakendur í að meta upplifun og líðan sína.



Það styrkir líka lýðræðislega vitund. Í dag geta elstu börnin á deildinni vel tjáð sig í orðum um upplifun sína sem var markmið okkar frá hausti til vors. Þar sem mörg af yngri börnunum verða áfram á deildinni á komandi mánuðum sjáum við tækifæri í að vinna með þessar skráningar áfram en þó með endurmati eins og áður hefur komið fram. Það er ávallt

ánægjulegt að sjá þróun og þroska í barnahópnum og einnig að upplifa að markmiðin sem upp var lagt með náðust.



4 Umbótaráætlun Miðhúss deildar

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerði r til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skráningar í ferilmöppu	Dýpka okkur í skráningu m fyrir ferilmöppu r barnanna	Safna saman og skrá frásagnir barnanna og upplifun þeirra af daglegu lífi.	Allt starfsfólk deildarinnar	Haut 2021	Vor 2022	Upptökur af frásögnum barnanna og myndskráningar	Að hvert barn eigi sína eigin frásagnarskráningu



Innra mat Tjörn

Skólaárið hófst með hefðbundnum hætti, öll börn í skólahóp komu til baka eftir sumarfrí og tilvonandi grunnskólanemar kvöddu okkur í lok ágúst. Þá hófst aðlögun barna frá Læk. Þrír árgangar voru á deildinni í vetur í yngsta árganginum var aðeins einn nemandi. Haustið fór vel af stað og hugur í fólki að vinna áfram að innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Starfsemin okkar hefur verið með hefðbundnum hætti þrátt fyrir ýmsar ytri hömlur. Haustið var innsiglað með uppskeruhátíð, teknar upp kartöflur úr garðinum og fengum við flotta uppskeru. Grös, rætur og ávextir skoðaðir og síðan sorterað og fjölskyldurnar tóku svo heim það magn sem hverjum hentaði.



Hautverkin voru tekin enn lengra með strætóferð í Grasagarðinn í Laugardal þar sem við tókum þátt í verkefninu “Vaknað að vori”. Settir voru niður haustlaukar sem við kíkjum á nú á vordögum.



Börnunum á deildinni var skipt í þrjá hópa, tvo yngri hópa og einn 12 barna skólahóp. Hópastarf var tvisvar í viku og viðfangsefnin fjölbreytt. Ferðir úr húsi voru fastur liður og söfnin heimsótt eins og

kostur var. Öll börn í elsta hóp voru í jóga einu sinni í viku. Unnið var markvisst að því að gera dagsskipulagið sýnilegra bæði niðri við fataklefa og uppi á deild og að morgni hvers dags var skipt út myndtáknunum í samræmi við dagskrá dagsins og oftast með fulltrúa úr barnahópnum sem hjálparkokk. Dagsskipulagið okkar var að mestu óbreytt í vetur en á vordögum var rútínin brotin upp og skipulagðar daglegar ferðir með skólahóp úr húsi. Hvatinn var þörf á því að minnka álag á deildina, mikill hávaði og fyrirgangur fylgdi skólahóp og oft erfið hegðun og samskipti. Breytingin hefur komið mjög vel út.

Nýr umsjónarmaður sérkennslu í húsinu tók við í haust og hefur starfið þar verið í stöðugri uppbyggingu í vetur. Meira svigrúm gafst til að mæta þörf margra barna fyrir reglulega og markvissa málörvun. Bæði börn sem þurfa stuðning í íslensku sem annað mál og einnig vegna seinkunar í málþroska af ýmsum toga. Þetta hefur verið mikill stuðningur við deildina. Þessu tengt var námsefnið „Lubbi finnur málbein“ tekið inn í daglegt starf og innleiddar „Lubbastundir“ þar sem íslensku máhljóðin eru kynnt til sögunnar með tilheyrandi táknunum, leikjum og leiktilburðum. Án vafa hafa þessar stundir skilað bæði auknum áhuga og leikni barnanna í að leika sér með lestur

Eftir áramót urðu breytingar á starfsmannahópnum auk þess sem stytting vinnuviku um 4 stundir var innleidd. Þetta olli talsverðum titringi í barnahópnum til að byrja með, sérstaklega í elsta hóp af fyrrgreindum ástæðum.



Með hækkandi sól kíktum við í Norræna húsið á sýninguna „Eggið“ sem var einstaklega ánægjulegt því fátt var orðið um fína drætti í heimsóknatilboðum á Covid-tímum.

Þegar horft er til baka má segja að starfsemi deildarinnar hefur aðeins liðið fyrir þær lokanir og takmarkanir sem Covid-19 sóttvarnir hafa valdið. Mikið hefur verið aflýst af alls konar viðburðum sem

hafa til þessa verið fastir liðir í skólastarfinu. Fyrir utan menningarviðburði fékk tenging skólastiga að bíða nema hvað við heimsóttum frístundaheimilið Skýjaborgir nú í vor. Einnig var mikil eftirsjá að sögumanninum okkar Vilhjálmi sem hafði komið aðra hvora viku og sagt okkur sögur úr norrænu goðafræðinni. Hugtök og persónur úr menningararfinum okkar voru börnunum vel kunnug og Vilhjálmur eins og tenging milli tveggja heima. Engar heimsóknir eða viðburðir með foreldrum og/eða fjölskyldum barnanna skildu eftir stórt skarð í vetrarstarfinu t.d. var dýrðlegur helgileikur stúlkanna í elsta hóp fluttur fyrir luktum dyrum. Þó fór það svo að ekki féll úr dagur hjá okkur sem tengdist faraldrinum nema hvað varðar styttingu á viðverutíma barnanna um 30 mínútur. Lokun klukkan 16:30 kom ekki til af góðu en þegar horft er til baka hefur það verið mjög jákvæð stytting vinnuviku fyrir börnin.



Í starfsáætlun fyrir árið var lagt upp með að innleiða meira flæði og að hvetja börnin til sjálfstæðis. Í verkstæðisvinnu á föstudögum er unnið í stöðvum þar sem börnin geta nýtt flæði í leik og starfi og er verkstæðisvinna nú annan hvern föstudag og ákveðið að því verði haldið áfram alveg fram að sumarlokun. Uppeldisleg skráning og myndrænar námsögur voru einnig ráðgerðar. Kristín Karlsdóttir kom til okkar í byrjun vetrar og veitti okkur innblástur um útfærslu myndrænnar skráningar og hefur vel tekist til hjá öllum hópstjórum en þeir hafa yfirumsjón með skráningu í hverjum hóp.

Leiðir til umbóta voru skoðaðar nú í lok vetrar og viljum við halda áfram með fyrri markmið og bæta við aukinni áherslu á námsefni í félagsfærni og vinna með samskipti og vináttu barna. Nýta okkur tilbúið námsefni og bæta því ofan á það sem við vinnum með í dagsins önn.

5 Umbótaráætlun Tjörn deildar

UMBÓTARÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Dýpka okkur í félagsfærnisögu m og vinna með vináttu	Safna saman og skrá frásagnir barnanna og upplifun þeirra af daglegu lífi.	Allt starfsfólk deildarinnar	Haust 2021	Vor 2022	Upptökur af frásögnum barnanna og myndskráningar og rýnt í samskipti	Að hvert barn eigi vin og geti staðið með sjálfum sér.

Lækur innra mat - Aldur barna 2 til 4 ára

Á liðnum vetri höfum við á Læk tekist á við margskonar áskoranir og lært af þeim. Aðlögun nýrra barna fór fram úti við sem gekk ágætlega en það reyndist ögn strembnara að ná til lítilla kríla á leikvælinum. Við brugðum því á það ráð að bjóða einu foreldri í einu inná deild í litla samverustund með kennara og fámennum barnahópi sem auðveldaði aðlögun til muna. Þann 1. september byrjuðu einnig tveir nýir starfsmenn á Læk, grunnskólakennari og listdanskennari sem voru með í aðlöguninni og urðu hópstjórar þeirra barna.





Hópastarf var farið á fullt skrið í byrjun október og voru haustverkin tekin föstum tökum. Eldri börnin tóku upp kartöflur sem þau höfðu sett niður síðasta vor. Börnin þvoðu og þökkuðu inn kartöflunum eins og alvöru kaupmenn tóku svo með heim. Allir hópar skoðuðu haustlitina í okkar nánasta umhverfi eins og Hljómskálagarði og Hólavallagarði. Þegar lafin fóru að fjúka fóru hóparnir og týndu lauf sem voru pressuð og nýtt í listsköpun seinna meir. Vettvangsferðir voru fastur liður hjá eldri hópunum tveimur á miðvikudögum. Fyrst var bandganga æfð umhverfis syðri hluta tjarnarinnar og hreystiæfingar í Hallargarðinum á bak við hús Thor Jenssonar eru fastur liður í haustgöngutúrunum ásamt því að þreyta litla klifurvegginn í Hljómskálagarðinum.



Um vorið heimsóttum við hvert barn í eldri hópunum, skoðuðum útidyrhúðina, garðinn/portið og það sem þau þekkja á sínum heimaslóðum, eins og róló eða búðina næst þeim. Ef við gátum ekki farið á tveimur jafnskjótum á áfangastað þá var hoppað upp í strætó sem fór með okkur á leiðarenda, við mikinn fögnuð barnanna. Þessar heimsóknarferðir eru liður af verkefninu okkar „ég“ (sjálfsefningin okkar) sem er auðvitað rauði þráðurinn í samstarfi okkar við RannUng sem við höfum verið í samstarfi með síðastliðin þrjú ár við innleiðingu á þáttum úr nýju menntastefnu Reykjavíkurborgar. Yngri hóparnir tveir könnuðu nærliggjandi

garða og meðal annars „skóginn“ okkar við Bjarkargötu og um vorið voru þau farin að labba hringinn í kringum tjörnina. Um haustið settum við verðlaust efni í gegnsæja kassa og bættum heldur betur við kostinn sem fyrir var og fundum því aðgengilegri stað inni í leikstofu. Yngri hóparnir fóru í könnunarleik einu sinni í viku fyrri hluta vetrar og þau eldri gátu valið um könnunarleik í verkstæðisvinnu sem var haldin annan hvern föstudag.



Við upphaf síðasta skólaárs tók til starfa þroskajálfi sem sá um sérkennslu og veitti stuðning við báðar deildir. Tvítyngd börn og þau sem þurftu á markvissri málörvun að halda fengu reglulegan stuðning í samræmi við þarfir. Fyrri hluta vetrar kom hún inn í jóгатíma tveggja eldri hópanna og kenndi námsgagnið LTB (líkamsvitund, tengsl og boðskipti) sem er kerfi þar sem börnin vinna út frá fyrirmælum og tónlist og megin áhersla er lögð á að börnin læri að hlusta á líkama sinn og tengslamyndun. Kennarar deildarinnar munu innleiða þetta námsefni í sambland við jóga og núvitund sem þegar hefur skapað sér sess á Læk. Hópstjórar yngri barnanna fengu góða handleiðslu og voru í sér samveru og söngstund á morgnanna með sérkennaranum.

Námsgagnið *„Lubbi finnur málbein“* er fastur liður í dagskipulagi á Læk og eru nú allir starfsmenn jafnvígir í Lubbastundum og Lubbi orðinn svo vinsæll að stundirnar eiga það til að síast inn í aðrar stundir dagsins. Börnin kynnast íslensku málhljóðunum í gegnum söng og leik með hundinum Lubba. Í vettvangsferðum með eldri börnunum notum táknið þegar við leggjum áherslu á nýja staði sem við heimsækjum og málörvun er alltaf ofarlega í huga starfsfólks, M fyrir Mæðragarðinn og kennari strýkur um kinn og kvið og hljóðar mmmm fyrir Mmmmæðragarður.



Kórónuveiru-ástandið hafði ekki teljandi áhrif á yngri deildina, um haustið áður en flestu var skellt í lás náðum við að heimsækja bókasafnið en annars voru ferðir okkar alltaf með þeim tilgangi að lesa í umhverfið og rannsaka úti í náttúrunni. Það var auðvitað sárt að geta ekki boðið foreldrum inn á deild og átt við þau létt spjall í morgunsárið en við reyndum hafa ætíð einn starfsmann á neðri hæðinni og að ljúka deginum úti við ef veður leyfði svo að foreldrar gætu með góðu móti átt spjall við starfsfólk um leikskólastarfið og líðan barna sinna. Bókabíóið okkar þar sem foreldrum tvítyngdra barna er boðið að koma og lesa á sínu tungumáli í myrkvuðum sal bíður betri tíma, það voru gerðar nokkrar atrennur þegar við höldum að það ætti að aflétta takmörkunum en við verðum þá vel undirbúin fyrir næsta vetur og með gott efni í sarpinum.

Í upphafi þessa árs innleiddum við styttingu vinnuvikunnar um heilar fjórar klukkustundir á viku og kom sú aðgerð ekki að niður á starfinu á neinn hátt á Læk, en afleiðingin hefur skilað sér í margfaldri ánægju starfsfólks. Önnur stytting á leikskólanum kom til vegna tilmæla yfirvalda sökum heimsfaraldursins og lokaði því Tjarnarborg hálf tíma fyrr en ella, mikilvægasta fólkinu okkar til heilla, börnunum.



Samkvæmt síðustu starfsáætlun var lagt mikið í að innleiða myndræna og uppeldislega skráningu sem flest starfsfólk fékk fyrirlestur og kynningu um frá Kristínu Karlsdóttur, dósent

við HÍ og tengiliður okkar í RannUng verkefninu. Áhugi og elja starfsfólks var vonum frammar og öflug skráning hófst strax um haustið. Skráningar úr vettvangsferðum sem hópstjórar eldri barna höfðu ætlað að vinna með í sér hefti sem börnin áttu að setja sitt mark á runnu því inn í ferlimöppur barnanna.

Á næsta vetri viljum við halda áfram með innleiðingu á sjálfrú barnanna auk þess að vinna með félagsfærniþáttinn. Starfsfólk fékk góðan innblástur og kynningu um ýmiskonar námsgögn á starfsdegi þar sem við hlýddum á erindi og sendum einnig frá okkur eitt slíkt á Menntastefnumótinu sem fór fram rafrænt þetta skiptið.



6 Umbótaráætlun Lækur

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Að efla skráningar með myndrænum hætti	Að hverju er stefnt? Að starfsfólk eflist í myndrænni skráningu	Hvernig framkvæmum við það? Með því að útbúa myndræna gátlista þar sem börnin tjá sig	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Deildarstjóri og allt starfsfólk	Sept.	Júní	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Með samtölum og gögnum á deildarfundum.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



	og þekki uppeldisleg a skráningu.	eftir um líðan sína í hópastarfi, vali og verkstæðisvinnu.					Að börnin geti tjáð sig um líðan sína í leikskólanum
Félagsfærni	Markmiðið er að börnin fái „verkfæri“ í hendurnar sem styður þau við að temja sér jákvæðari samskipti	Með því að starfsmenn taki meiri þátt í frjálsum leik barnanna og noti virka hlustun	Deildarstjó ri og allt starfsfólk	Sept.	Júní	Með könnun sem verður lögð fyrir starfsfólk og samtölum á deildarfundum	Að starfsmaðu r geti verið ótruflaður í leik með börnum og að börnin hafi náð að móta hæfni í jákvæðari samskiptu m.

Innra mat Melhús

Haustið 2020 byrjaði í sól og blíðu. Það var mjög heppilegt þar sem aðlögun barnanna fór fram úti að þessu sinni vegna COVID-19. Strangar reglur voru um að, foreldrar fengu að koma inn í Öldukot en ekki inn á deildir barnanna. Áhersla var lögð á að miðla til foreldra í formi tölvupósta. Einnig fengu foreldrar með hjálp tækninnar smá innsýn inn í heim barnanna sem tengdust ýmsum þáttum innan leikskólans, myndbrot í gegnum forritið Sway.



Við höldum okkar dagskipulagi eins vel og við gátum . Vettvangsferðir voru farnar og nærumhverfis notið. Myndavélin tekin með til að skrá og skoða, þegar heim var komið tjáðu börnin sig um upplifun sína af ferðinni.

Í mars fengum við tækifæri til að hafa foreldraviðtöl og þá gátum við upplýst foreldra um líðan barna sinna í skólanum um skólastarfið. Einnig buðum við kennarar upp á símatíma þar sem foreldrum stóð til boða að hafa samskipti og afla upplýsinga um barnið.

Foreldrar hafa fengið að koma í fataklefan til okkar og þannig hafa þau haft samskipti við okkur og aðra foreldra.

Lubbi finnur málbein var hjá okkur á hverjum degi, hver hljóðstafur tekinn fyrir sig og farið yfir málhljóðin sem komin eru fyrir. Stafurinn var settur upp í fataklefan svo foreldrar gætu fylgst með.

Sögustund er í hverju hádegi hjá börnunum sagan skráð niður á blað sem við búum svo til bókaorminn okkar úr, þarna sjáum við kennarar tækifæri til að vinna með áfram þar sem áhugi barnanna er mikill. Börn og kennarar hafa farið í bókasafnið í vetur að fá lánaðar bækur og svo aftur til að skila bókum og hafa þá börnin fengið tækifæri til að velja sér bók. Allt er skráð hjá okkur með myndum og umræður í barnahópnum, hvað var gaman og hvað má betur fara. Lestrarkrókurinn er mikið notaður fyrir lesstund og aðra afþreyingu hjá börnunum.



Við byrjuðum með ferilmöppur barnanna um haustið 2020. Börnin byrjuðu á að koma með myndir að heiman af fjölskyldunni sinni á þar til gerðum blöðum sem við afhentum, markmiðið var að setja eina mynd í mánuði í ferilmöppuna, því markmiði hefur verið náð. Eins ákváðum við að taka afmælisdag barnanna fyrir. Börnin gera sína eigin kórónu og fá að vera í sviðsljósinu og myndir af þeim teknar og sett í ferilmöppur þeirra. Börnin gera sjálfsmynd að hausti og aðra að vori þannig sjáum við þroskann hjá hverju barni. Gullkorn

eru líka skráð og aðrar skráningar eins og til dæmis líðan þeirra í hinum ýmsu athöfnum í daglegu starfi.




Rauði þráðurinn í okkar starfi er sjálfsefningin, frumkvæði sem við notum í öllu daglegu starfi skólans. Börnin fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan hóp í samverustundum/sögustundum, þau segja sögur, brandara eða hvað sem er og er mikil framför búin að vera og gaman að sjá hvað börnin eru tilbúin helst það í hendur við RannUng sem er þróunarverkefni okkar um sjálfsefningu. Við settum okkur markmið í virkri hlustun sem við kennarar notum mikið með því að hlusta á börnin, Gefðu tíu er einnig notað og sjáum við mikinn árangur af því hvað það virkar vel fyrir börnin þau eru óhrædd að spyrja spurninga og ræða við kennara. Kosningar fóru fram um hvað ætti að vera í matinn og með kaffinu, börnin komu með tillögur hverju sinni. Kosningin fer fram á myndrænan hátt, þannig sjá þau og skilja hver útkoman verður. Börnin vita að það geta ekki allir fengið sína ósk uppfyllta hverju sinni.



Skráningin hefur aukist til muna hvað varðar okkur kennara í Melhúsi og er myndavélin þar mikið notuð og ætlum við að dýpka okkur þar enn frekar, skoða myndir með börnunum og skrá síðan niður fyrir ferilmöppurnar. Þannig verða skráningarnar markvissari. Börnin hafa haft tækifæri til að taka myndir þannig skráir allt starfsfólk hjá sér og jafnvel hafa börnin líka fengið að taka myndir. Við viljum festa þetta enn betur í sessi og áskorunin er að fá alla kennara, börn og foreldra til þess að taka þátt.

Áhersla var lögð á að börnin gætu skammtað sér sjálf á matardiskana. Aðstæðnanna vegna var ekki hægt að koma því í framkvæmd vegna Covid 19. Á komandi hausti sjáum við tækifæri til að endurmeta og stefna að sama markmiði. Einnig var stefnt á að börnin myndu ganga hægt og hljóðlega í fallettri röð niður í Brunn í lesstund, tónlistarstund og í fataklefan eftir aldri, sá sem er fyrstur í dag er síðastur á morgun. Það var settur upp nafnalisti og svo var merkt við. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og nú þarf bara að segja hver er fyrstur í dag og börnin raða sé upp í rétta röð.



Við settum upp mynd með tölunum 1 – 100 og settu börnin sér markmið að sjá hversu hátt þau gætu talið og voru mikið að æfa sig og hefur tekist vel hjá flestum. Hjá okkur er flæði í kaffitímanum – 7 börn í einu og er það allt skráð hverjir fara fyrstir inn – þarna hafa kennarar verið að skrá en núna eru börnin farin að skrá og byrjaði það með því að börnin fóru að fylgjast með kennaranum og spurðu hvort þau mættu skrá og núna skrá börnin. Við ætlum að halda þessu fyrirkomulagi því það er mikill áhugi hjá börnunum að skrá.



Börnin hafa verið að koma með hugmyndir um hvað við ætlum að vinna með í Vali og Stöðvavinnu og er mikill áhugi fyrir því og eru kennararnir tilbúnir að hlusta eftir þeirra óskum og koma því þannig fyrir að börnin eru farin að stjórna tvö og tvö í einu, það er kominn listi yfir stöðvastjóra eldri og yngri eina viku í senn og er það allt skráð niður, þetta hefur gengið mjög vel og mikill áhugi hjá börnunum, verður stefnt að því að halda áfram.

7 Umbótaráætlun Melhús deildar

UMBÓTARÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur , safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Sjálfstæði og uppeldislegar skráningar	Að halda áfram að hvetja börnin til að skammt a sér sjálf og að hvetja alla kennara til skráning a	Að kringumstæð ur séu þannig að börnin bjargi sér sjálf. Að kennarar fái tækifæri til þess að vinna að skráningar	Allt starfsfólki ð á deildinni	202 1	202 2	Samtöl við börnin,hvernig gekk.	Að börnin geti bjargað sér sjálf við matar og kaffiborðið og að allar möppur innihaldi uppeldisleg ar skráningar



8 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	

Innra mat Sérkennslu 2020-2021

Skólastarfið miðar að því að kennsla og umhverfi mæti öllum nemendum. Allt starf skólans og kennsla leitast við og skilgreinir sig sem menntun án aðgreiningar.

Settar eru upp einstaklingsnámskrár og markmiðssetningar fyrir þá nemendur sem þess þurfa og er það metið hverju sinni af sérkennslustjóra og sérkennara.

Sérkennari/Sérkennslustjóri skráir sérkennslutímana og fylgir þannig eftir einstaklingsnámskrá og /eða þeim markmiðum sem búið er að setja niður. Hvað var unnið með og næstu skref.

Deildarstjórar sjá um að halda utan um hópatíma.

Sérkennari/Sérkennslustjóri heldur utan um og skráir sérstaka málörvunartíma.

Sérkennari/Sérkennslustjóri byggja sérkennsluna meðal annars á niðurstöðum úr HLJÓM 2 og út frá greiningu sérfræðinga s.s. talmeinafræðinga og sálfræðinga. Sérkennslustjóri tekur að sér að og notar EFI II, AEPS sé þess þörf eins höfum við aðgang til að láta lesa úr íslenska þroskalistanum og Orðaskil.

Við sérkennslu er notast við hin ýmsu námsgögn bæði gagnvirk og í formi spila /verkefna og má þar nefna Lubbi finnur málbein, Leikum og lærum með hljóðin, Ljáðu mér eyra, Orðagull, Boardmaker Hljóðkerfið (Líkamsvitund -tengsl og boðskipti) Sögugrunnur, Orðaforðalista, auk sértæks námefnis frá sérfræðingum og fleira.

Reynt er að höfða til áhugasviðs barnsins og hafa gaman saman.



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fastsetja fundi með deildarstjórum, sérkennara og sérkennslustjóra að hausti, vetri og vori. Betri eftirfylgni með einstaklingsnámskrám og þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Sérkennarar styðji við starf deilda með snemmtækri íhlutun sem hluti af forvörnum.	Að hverju er stefnt? Meiri skilvirkni, betra gegnsæi, meira utanumhald og betri upplýsingamiðlun.	Hvernig framkvæmt um við það? Með reglulegum fundum. Staðan tekin og yfirfarin reglulega, sett upp markmið hvað er að ganga vel og hvað ekki og hvers vegna.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir. Sérkennslustjóri, sérkennari og deildarstjórar.	Haut Sept 2021	Vor Maí 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Með skráningum, markmiðsáætlunum og samtölum við kennara og nemendur.	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði Endurmat á markmiðum umbótaþátta hvernig til tókst og með viðtölum við kennara og nemendur hvernig þeirra upplifun var og er.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	

Innra mat Fjöltyngd börn 2020-2021

Fjármagnið fer í launatengdan lið og önnur námsgögn.

Fjöltyngd börn fá bæði einstaklingstíma og málörvun í sérstökum málörvunarhópatímum sem sérkennari kemur að. Eins er unnið með tengsl við heimili þeirra barna sem eiga sér annað móðurmál en íslensku í formi bókar sem fer á milli heimilis og skóla. Orðum/myndum er bætt inn í reglulega og lögð áhersla á að barnið hafi bæði tungumálin hjá hverri mynd. Með þessu er báðum tungumálum barnsins sýnd virðing og áhugi.

Unnið er með grunnorðaforða í athöfnum daglegs lífs í formi leikja, lesturs, Lubbi finnur málbein og gefðu 10 sem er alltaf haft að leiðarljósi. Í vetur var haldið áfram að innleiða Tákn með tali en rannsóknir sýna að notkun TMT hefur í för með sér meiri og markvissari boðskipti og eflir sjálfstæði.

Fylgst er með framförum fjöltyngdu barnanna með gerð einstaklingsáætlaða, skráninga, orðaforðalista og matstækinu HLJÓM 2, EFI II. Vorum að fá nýtt hefti í hendurnar til að vinna með sem heitir Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn (Halldóra Sigtryggsdóttir, Saga Stephensen, Þorbjörg Halldórsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir 2021) Einn leikskóli – Mörg tungumál (Kolbrún Vigfúsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir 2015). Staða>Framfarir>Framhald (Kolbrún Vigfúsdóttir 2005)

Unnið er út frá Læsisáætlun okkar í Tjörn, Tileinkun máhljóðanna (Þóra Másdóttir prófessor í talmeinafræðum) orðaforðalistum frá Menntamálastofnun, söng, TMT, lestri, Lubbi finnur málbein, markvissri umræðu í hópatímum og gefðu 10, hlustun, endursögn, athyglissögum, sögugerð í fjölbreyttu formi, teikningum, frásögnum, samverustundum, frjálssa leiknum og athöfnum daglegs lífs. Þar sem mikið hefur verið unnið með sjálfsefningu og lýðræði barnanna í skólanum er reynt eftir fremsta megni að nýta þeirra áhugasvið í allri þessari vinnu.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Öll fjöltyngd börn fái einstaklingsnámskrá. Þar sem unnið er út frá Hæfnisrömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Búa til enn frekari flæði og ábyrgð meðal kennara og barna í máltöku fjöltyngdra barna	Að hverju er stefnt? Að auðvelda mat og stöðu fjöltyngdra barna í íslensku.	Hvernig framkvæmum við það? Með ákveðnum matslistum fyrir fjöltyngd börn, deildarfundum og málörvunarhópum bæði sér og inni á deild þar sem kennarar eru gerðir virkir í þeirri vinnu.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Sérkennslustjórn, Sérkennari og deildarstjórn	Haut 2021	Vor 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Við ætlum að nýta okkur þá lista sem til eru s.s. Einn leikskóli-mörg tungumál, Staða framfarir, framhald, Hæfnisrammar fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Orðaforðalistar frá Menntamálastofnun og Gefðu 10.	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Með endurmati út frá



							matslistu m og hver staða barnsins er félagsleg a.
--	--	--	--	--	--	--	---



- 6 **Starfsþróunarsamtöl og fræðsla** – Vegna kringumstæðna var ekki farið mikið út úr húsi en við reyndum að nýta okkur netheima eins og kostur var – Við fengum heimsóknir frá kennurum í Háskóla Íslands vegna þróunarverkefnis okkar með RannUng sem héldu fyrirlestra um Lærdómssamfélag og Uppeldislega skráningu – Eins hlustuðum við á mörg áhugaverð erindi frá Menntastefnumóti. Tjörn tók þátt í menntastefnumóti með erindi.

Fyrirhugað er að halda skyndihjálparnámskeið – Vera með erindi á Menntakviku og fara á fyrirlestra Menntakviku – Deildarstjóri fer í viðbótarnám í kennslufræðum með starfi - Leikskólakennari fer í tónlistarnám fyrir yngri börn – Fyrirlestrar um hópefli fyrir alalt starfólk Tjarnar – Námsferð fyrir allan hópinn til Brighton að vori.

Starfsþróunarviðtöl fóru fram á vordögum og eru áætluð næst í október 2021 og mars 2022

- 7 **Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva** – Við fórum í tvær heimsóknir með tilvonandi grunnskólabörn og náðum að funda með deildarstjórum yngstu bekkja grunnskóla og skólustjóra – Skólaskil fóru fram. Áætlað fyrir næsta misseri er að fara í tvær til þrjár heimsóknir í grunnskóla og bjóða fyrirverandi nemendum í heimsókn til okkar. Skólustjórar hittast á fundi að vori og skipuleggja skóladagatal og skólaskil.

- 8 **Foreldrasamvinna** – Hefur verið mjög góð og uppbyggileg á liðnu ári. Við höfum haldið nokkra fundi í gegnum vefmiðla og hist tvisvar á árinu. Á foreldrafundum í október 2021 verður kosið í nýtt foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal _

október 15. – nóvember 10. - janúar 3. – febrúar 7. – apríl 20. og 22. – október, nóvember og Janúar eru sömu dagar og Vesturbæjarskóli.

10 Fylgigögn sjá skóladagatal

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

____Hulda Ásgeirsdóttir 1.07. 2021_____
Leikskólustjóri Dagsetning





Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Tjörn

Skólaárið 2020-2021 bauð upp á fjölda áskoranna sökum heimsfaraldursins. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður ríkti ávallt gleði í leikskólastarfinu og lagði starfsfólk sig greinilega fram við að koma upplýsingum áleiðis til foreldra. Foreldrafélagið þakkar starfsfólki skólans fyrir þá hlýju, alúð og metnað. Foreldrafélaginu list ljómandi vel á starfsáætlun ársins og hlakkar til árs þar sem foreldrar geta tekið ríkari þátt í starfinu!

Foreldraráð leikskólans skipa:

Pétur Hjörvar Þorkelsson

Oddný Eir Ævarsdóttir

Ragnheiður Gestsdóttir

Hanna Dóra Hólm Másdóttir

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla: Tjörn

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	S			1	F	1	M	1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ	1	F	1	S	1	M	1	F
2	M	Friðdagur verslunarmanna		2	L	2	Þ	2	F		2	S		2	M	2	L	2	M	2	F	2	L
3	Þ			3	S	3	M	3	F		3	M	Starfsdagur	3	F	3	S	3	Þ	3	F	3	S
4	M			4	L	4	M	4	L		4	Þ		4	F	4	M	4	M	4	L	4	M
5	F			5	S	5	Þ	5	F	Morgunkaffi fyrir foreldra	5	S		5	L	5	Þ	5	F	5	S	5	Þ
6	F			6	M	6	M	6	M		6	F	Þrettándinn	6	S	6	M	6	F	6	M	6	M
7	L			7	Þ	7	F	7	Þ		7	F	Starfsdagur	7	M	7	F	7	L	7	Þ	7	F
8	S			8	M	8	F	8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	Þ	8	F	8	S	8	M	8	F
9	M			9	L	9	Þ	9	F	Morgunkaffi fyrir foreldra	9	S		9	M	9	L	9	M	9	F	9	L
10	Þ			10	S	10	M	10	F	Starfsdagur	10	M		10	F	10	S	10	Þ	10	F	10	S
11	M			11	M	11	F	11	L		11	Þ		11	F	11	M	11	M	11	L	11	M
12	F			12	Þ	12	F	12	S		12	M		12	L	12	Þ	12	F	12	S	12	Þ
13	F			13	M	13	M	13	M		13	F		13	S	13	M	13	F	13	M	13	M
14	L			14	F	14	S	14	Þ		14	F		14	M	14	F	14	L	14	Þ	14	F
15	S			15	F	15	M	15	M		15	L		15	Þ	15	F	15	S	15	M	15	F
16	M			16	L	16	Þ	16	F		16	S		16	M	16	L	16	M	16	F	16	L
17	Þ			17	S	17	M	17	F	Jólaball	17	M		17	F	17	S	17	Þ	17	F	17	S
18	M			18	M	18	F	18	L		18	Þ		18	F	18	M	18	M	18	L	18	M
19	F			19	Þ	19	F	19	S		19	M		19	L	19	Þ	19	F	19	S	19	Þ
20	F			20	M	20	M	20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	S	20	M	20	F	20	M	20	M
21	L			21	F	21	S	21	Þ		21	F		21	M	21	F	21	L	21	Þ	21	F
22	S			22	F	22	M	22	M		22	L		22	Þ	22	F	22	S	22	M	22	F
23	M			23	L	23	Þ	23	F		23	S		23	M	23	L	23	M	23	F	23	L
24	Þ			24	S	24	M	24	F		24	M		24	F	24	S	24	Þ	24	F	24	S
25	M			25	M	25	F	25	L		25	Þ		25	F	25	M	25	M	25	L	25	M
26	F			26	Þ	26	F	26	S		26	M		26	L	26	Þ	26	F	26	S	26	Þ
27	F			27	M	27	M	27	L		27	F		27	S	27	M	27	F	27	M	27	M
28	L			28	F	28	S	28	Þ		28	F		28	M	28	F	28	L	28	Þ	28	F
29	S			29	F	29	M	29	M		29	L				29	F	29	S	29	M	29	F
30	M			30	L	30	Þ	30	F		30	S				30	L	30	M	30	F	30	L
31	Þ			31	S			31	F		31	M						31	Þ			31	S